

## Hvatar til aukinnar hráefnanýtingar

LEIDARI

Undirritaður tók nýlega fyrir hönd MS þátt í matvælaþingi Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands (MNI), sem forsætisráðherra og verkefnisstjórnar matvælastefnu sátu, en erindi lutu flest með beinum hætti að mótun matvælastefnu fyrir Ísland, sem unnið er að á vegum ríkisstjórnarinnar. Sérstaklega var óskað eftir að MS gerði grein fyrir starfsemi Heilsupróteins á Sauðárkróki og þeirri þörf sem við teldum vera fyrir aukna hvata til atvinnulífsins að nýta hráefni betur.

Varðandi framangreinda stefnumótun stjórnvalda, þá er mér efst í huga í sambandi við „Matvælastefnu“ að við Íslendingar byggjum áfram á þeim tækifærum sem felast í því að vera matvælaframleiðsluland.

„Matvælastefna“ felur í mínum huga ekki í sér miðlæga allsherjarstefnu á vegum ríkisins með ákvörðunum um hvaða „loðdýraeldi“ skuli byggjast upp næst. Heldur á hún að skapa sýn, sem gerir okkur meðvituð um að hlú að þeim þáttum sem stuðla að langtíma árangri á mörgum sviðum, og gerir okkur um leið meðvituð um að afstýra þeim hlutum sem koma í veg fyrir árangur. Það er margt sem er hægt að nefna í þessu samhengi. Við verðum að vera sjálfum okkur samkvæm. Það fer ekki saman hljóð og mynd að setja fyrst íþyngjandi kvaðir á innlenda matvælaframleiðslu, sem samt getur verið jákvætt að uppfylla, en leyfa síðan innflutning án hindrana eða tolla, á vörum sem ekki þurfa að uppfylla sömu gæðakröfur varðandi innihald eða framleiðsluáðstöðu. Eða varðandi umhverfisáhrif framleiðslunnar, að við fáum bakþanka yfir að hafa skipt olíubrennslu út fyrir rafmagn, eftir 100% hækkun á raforkuverði frá árinu 2012.

Það er í mínum huga augljóst að eina leiðin fyrir innlenda matvælaframleiðslu er að framleiða vörur sem eru heilnæmar, umhverfisvænar, huga að bestu dýravelferð, sem innihalda minni sykurla, nota minna plast, minna af olíu og hafa bestu hráefnisnýtinguna. Landbúnaðurinn á tvímælalaust að stefna að því að vera sá umhverfisvænasti í heimi. Það er stórt markmið en ég held að það vanti minna uppá en hjá flestum þjóðum.

### Heilsuprótein

Við vinnslu á mjólk hjá MS hafa á undanförunum áratugum fallið til þúsundir tonna af þurrefni, sem farið hefur út í sjó sem lífrænn úrgangur sem skapar álag á umhverfið. Mjólkuriðnaðurinn hefur lagt mat á kostnað við að minnka magn þurrefna sem færi út í náttúruna, sérstaklega frá osta- og skyrgreðinni. Er skemmst frá því að segja að það hefði kostað mun meira að fjárfesta í hreinsibúnaði hjá þeim afurðastöðvum sem nú eru starfandi og farga þessum þurrefnum, heldur en

nemur fjárfestingu í Heilsupróteini sem MS og KS eru að byggja upp í sameiningu á Sauðárkróki. Framleiðsla á mysupróteini sem hófst fyrir ári síðan er að komast í full afköst og mun fljótlegra nema um 30 tonnum á mánuði. Framleiðsla á etanolí úr ríflega 2000 tonnum af mjólkursykri úr mysunni gæti hafist eftir rúmt ár. Í stað þess að viðfangsefnið feli bara í sér kostnað, sjáum við fyrir okkur að þessi starfsemi geti staðið undir sér. Þetta er gott dæmi um það hvernig aukin áhersla á umhverfismál getur leitt til þess að hlutirnir eru hugsaðir upp á nýtt og nýjar leiðir finnast til verðmætasköpunar og til þess að nýta hráefnin til fulls.

### Hvetjum til betri nýtingar með nýjum lausnum

Það getur tekið tíma og verulega fjárfestingu að uppskera jákvæða rekstrarmiðurstöðu af því að nýta hráefni, sem áður hefur jafnvel verið litið á sem úrgang. Það þarf að hafa mikinn áhuga og kosta til rannsóknna og undirbúnings. En það er til mikils að vinna fyrir allt samfélagið. Það þarf þess vegna að skoða það vel hvaða frekari hvata er hægt að skapa til að ýta undir slík verkefni. Það þarf frumkvöðlastarf og nýsköpun til þess að leggja í þessa vegferð. Matvælageirinn í heild, mennta-, vísinda- og fjármálaumhverfið og margir fleiri, þurfa að taka höndum saman og vinna að því að greina þessi tækifæri og nýta þau sem best. Stjórnvöld þurfa líka að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að styðja þessa þróun.

Að mínu mati ætti vinnuhópur stjórnvalda um mótun matvælastefnu að huga alveg sérstaklega að þeim tækifærum sem þarna eru til að skapa meiri afurðir og auka verðmæti þeirra hráefna sem unnið er með í íslenskri matvælaframleiðslu. Samtök iðnaðarins og fleiri geta einnig lagt hönd á plóg til að meta það hvaða þörf sé á frekari hvatningu í þessu efni og í hverju hún gæti falist. Við þekkjum það að tekið sé undir horn til að flýta æskilegri þróun, t.d. skattaafsláttur á rafmagnsbílum til að flýta orkuskiptum. Alagning skilagjalda og úrvinnslusjóðir. Ívilnanir vegna rannsókna og fjárfestinga og beinir styrkir úr sjóðum.

Ég tel að þetta umhverfi þurfi að kortleggja betur og við eigum að vera opin fyrir frekari fyrirgreiðslu við slíka þróun. Þótt eitthvað vanti uppá að tiltekin verkefni standi undir sér að fullu, geta lausnirnar fallið í sér mun minni kostnað fyrir samfélagið heldur en með því að mæta kröfum um umhverfisnefnd á annan hátt og því falið í sér mikinn ávinning þegar upp er staðið.

Með góðri kveðju,  
Ari Edwald

## Að loknum fundum með kúabændum – næstu skref

Ágætu mjólkurframleiðendur.

Nú höfum við, stjórnarformenn Auðhumlu og Mjólkursamsölunnar, lokið fundarferð meðal kúabænda þar sem við fórum yfir og upplýstum um stöðu beggja fyrirtækja okkar bænda. Haldnir voru alls 8 fundir og var góð mæting á öllum þeirra og erum við þakklát fyrir það. Að þeim loknum má segja að við skynjuðum að það var full þörf á því að upplýsa bændur um stöðuna. Jafnframt má segja að ein af niðurstöðum allra fundanna var að kúabændur hafa áhyggjur af þungri fjárhagsstöðu, og höfðu jafnframt fullan skilning á því að grípa þurfi til skipulagðra aðgerða til að rétta stöðu þeirra. Við töldum mjög mikilvægt að fara í þessa fundarferð og viðbrögð félagsmanna staðfestu það. Á fundunum urðu töluverðar umræður um orsakir og ýmsar aðstæður sem leiddu til þeirrar stöðu sem uppi er í dag. Það var rætt á öllum fundum og mörgum sjónarhornum


liðinna ára lýst og dregin fram til útskýringa. Það var gagnlegt að heyra hin ýmsu sjónarmið og skýringar, en nú þarf að skipuleggja framhaldið og hvernig við munum standa að því að koma fyrirtækjunum í sterka fjárhagsstöðu. Þar sem búið er að fara vel yfir stöðu mála á fundunum, þá getum við einbeitt okkur enn frekar að ýmsum aðkallandi stefnumálum innan greinarinnar sem þarf að ræða frekar og því ljóst að við getum nýtt komandi fulltrúafund sem haldinn verður í lok næstu viku til þess.

Með góðri kveðju,  
Ágúst Guðjónsson á Læk,  
stjórnarformaður Auðhumlu




# Framleiðsla mjólkur 2018

Mjólkurframleiðslan nú um miðjan nóvember hefur dregist saman og færst nær framleiðslu ársins 2016. Síðustu vikur hefur framleiðslan legið aðeins undir sömu vikum ársins 2016. Á því ári nam samanlögð mjólkurframleiðsla um 151 milljón ltr. Flest bendir til að framleiðsla á árinu verði um 152 millj. ltr. Sala mjólkur sl. 12 mánuði nam um 146 millj. ltr á fitugrunni og 131 á próteingrunni. Mjólkurframleiðsla síðustu 12 mánuði, september 2017 – ágúst 2018, var um 155 millj. lítrum. Eins og sjá má af framleiðslukúrfu í yfirliti 1, er allt sem bendir til að framleiðslubotni þessa árs sé náð og framleiðsla farin að stíga aftur.



Yfirlit 1 Vikuleg innvigtun mjólkur 2016, 2017 og 2018 og mánaðainnvigtun 2017 - 2018



Mynd 2 Mánaðarinnvigtun 2017 - 2018

## Sala mjólkur og útflutningur

Í mynd 3 má sjá innvigtun og umreiknaða ráðstöfun mjólkur í október 2018 og einnig ráðstöfun á 12 mánaða grunni – þ.e. nóvember 2017 – október 2018. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um 130,5 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því dregist saman um -1,33% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 146 milljónir lítra og jókst um 0,88% á sama tíma. Innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili nam 154 milljónum lítrum. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 23,4 milljónir lítra á próteingrunni og um 8,0 milljónir lítra á fitugrunni. Útflutningur á mjólk m.v. prótein nam 24,3 millj. ltr, en útflutningur á fitugrunni nam um 7,4 millj. lítrum.

## Birgðir mjólkurvara

Mynd 4 – 6 sýna birgðapróun helstu flokka mjólkurvara 2018.


Í yfirlitum kemur fram að smjörbirgðir eru hærrí í október sl. en á sama tíma síðasta árs. Ostabirgðir eru innan þeirra viðmiða sem stefnt er að hverju sinni og aldursamsetning ostabirgðanna því í góðri stöðu. Birgðir undanrennudufts eru um 240 tonn og eru nokkuð lægri en á sama tíma í fyrra. Birgðastaða mjólkurvara er í góðu jafnvægi hvort sem litið er til birgða einstakra vöruflokka eða samanlagðra birgða.

Pálmi Vilhjálmsson  
framkvæmdastjóri framleiðslu- og rekstrarviðs MS


## FRAMLEIÐSLUSVIÐ

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	október mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
<b>Umreiknað á PRÓTEIN:</b>						
Birgðir í upphafi	27.271.100	31.255.398	28.856.410	-7,33	-0,98	3,92
Innvegin mjólk	11.651.920	34.983.842	154.027.964	-1,43	-3,02	2,81
Seldar afurðir	11.084.972	33.542.359	130.596.957	1,71	-1,68	-1,33
Útflutningur	298.835	4.803.086	24.297.530	-72,57	23,36	54,95
Birgðir í lok	27.254.109	27.254.109	27.254.109	-5,55	-5,55	-5,55
Mismunur	285.105	639.687	735.777	-29,65	-17,30	6,27
<b>Umreiknað á FITU:</b>						
Birgðir í upphafi	25.054.485	28.069.130	24.300.254	1,72	8,92	-7,88
Innvegin mjólk	11.651.920	34.983.842	154.027.964	-1,43	-3,02	2,81
Seldar afurðir	11.778.980	37.474.571	146.092.836	-0,73	2,24	0,88
Útflutningur	11.706	1.157.599	7.378.142	-31,96	1.701,79	69,35
Birgðir í lok	25.174.043	25.174.043	25.174.043	3,60	3,60	3,60
Mismunur	-258.324	-753.241	-316.802	-195,85	-191,24	-111,67


Mynd 3 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. október 2018.



Mynd 4 Próun smjörbirgða 2016 - 2018



Mynd 5 Próun ostabirgða 2016 - 2018 (26% og 17%).



Mynd 6 Próun birgða á mjólkurdufti 2017 - 2018.

# Mjólkursamsalan hlýtur heiðursverðlaun fyrir brautryðjendastarf í þágu íslenskunnar

FRÉTTIR

Þann 16. nóvember síðastliðinn, á degi íslenskrar tungu, hlaut Mjólkursamsalan sérstök heiðursverðlaun fyrir áralangt áttak í þágu íslenskrar tungu. Verðlaunin veittu Viðskiptaráð Íslands, Festa og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Í rökstuðningi dómnefndar sagði m.a.:

Mjólkursamsalan hefur verið brautryðjandi í íslensku viðskiptalífi um eflingu móðurmálsins allt frá árinu 1994. Fyrirtækið hefur nýtt fjölbreyttar leiðir til að benda á mikilvægi íslensks máls og gert það á snjallan hátt. Sýnilegasta og stærsta verkefni fyrirtækisins eru sérstök áttaksverkefni á mjólkurfernum og allir þeir sem hafa alið upp börn, kannast við þegar þau hefja lestur með því að stauta sig í gegnum íslenskuna á mjólkurfernunum – sem hefur oftast en ekki útskýrt merkingu orða sem erfitt er að átta sig. Þannig hefur Mjólkursamsalan eflt þekkingu okkar á málinu og stutt við málvitundina. Mjólkursamsalan hefur einnig nýtt málið á skemmtilegan hátt, sem við sjáum núna á

jólamjólkinni þar sem stafirnir í „jóll“ eru dregnir út úr orðinu „mjóllk“. Þá eru fernurnar nýttar til að minna á hina ýmsu viðburði s.s. fullveldisafmæli Íslands. Mjólkursamsalan hefur um árabil verið í samstarfi við Íslenska málnefnd og nýtt 16. nóvember, dag íslenskrar tungu, til að minna á mikilvægi tungumálsins. Önnur eldri verkefni eru verkefnið „Allir lesa“ um lestrarátak, íslenskuljóðið „Á íslensku má alltaf finna svar“ sem sungið var svo undurfallega af stúlku, fulltrúa ungu kynslóðarinnar, og svo mætti lengi telja.

Dómnefndin taldi sig knúna að leggja til að þessum heiðursverðlaunum yrði bætt við að þessu sinni, til þess að þakka Mjólkursamsölnni fyrir framtak sitt við að hefja móðurmálið til vegs og virðingar, og um leið hvetja fyrirtækið áfram til góðra verka á þessu sviði í framtíðinni.

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri



## 3 af 5 tilnefningum til fjöreggsins 2018 fyrirtæki í mjólkurvinnslu

FRÉTTIR

Matvæladagur MNÍ (matvæla og næringarfræðafélags Íslands) var haldinn 25. október. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra setti daginn með ávarpi um mikilvægi matvæla og að nú stæði yfir vinnsla á matvælastefnu sem tengja á inn í flest öll ráðuneyti þar á meðal heilbrigðisráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins afhenti því næst fjöreggið 2018 en 3 af 5 tilnefningum til fjöreggsins 2018 voru fyrirtæki sem vinna afurðir úr mjólk. Heilsuprótein á Sauðárkróki var þar á meðal og tók stjórnarformaður Heilsupróteins ehf, Ari Edwald á móti viðurkenningu fyrir hönd félagsins. Fjöreggið sjálft 2018 fór til Rjómabúsins á Erpsstöðum.

Peir sem tilnefndir voru til fjöreggsins 2018

- Heilsuprótein ehf í eigu MS og KS
- Efstidalur, kúabú, ísgerð og veitingastaður í Bláskógabyggð
- Rjómabúið Erpsstöðum sem framleiðir osta, ís og skyrkonfekt
- Matartíminn, íslenskar afurðir í skólamat - Sölufélag garðyrkjubænda
- Astalýsi, samstarf KeyNatura og Margildi



Sunna Gunnars Marteinsdóttir,  
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum





## MS fagnar aldarafmæli fullveldis Íslands með fullveldisfernum

MARKAÐSMÁL

Þann 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki og er því nú fagnað árið 2018 að 100 ár eru liðin frá þessum merku tímamótum. Mjólkursamsalan fagnar aldarafmælinu með því að birta margvíslegan fróðleik um hið viðburðaríka fullveldisár á mjólkurfernum sínum í aðdraganda jóllanna.

Um er að ræða afrakstur samstarfs afmælisnefndar fullveldis Íslands og MS en sex mismunandi textar og myndskreytingar um atburði sem áttu sér stað á árinu 1918 prýða jólafernurnar í ár.

Það var Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sem tók á móti fyrstu fernum við stutta athöfn í Alþingishúsinu.

Mjólkursamsalan óskar landsmönnum öllum til hamingju með afmæli fullveldisins og hvetur áhugasama til að kynna sér ýmsan fróðleik um fullveldisárið á vefsíðunni fullveldi1918.is.

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri

Í tengslum við afhendingu fernanna var forsætisráðherra Katrín Jakobsdóttir spurð af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fv. landbúnaðarráðherra hverjar reglurnar væru í þinghúsinu og hvort þær samrýmdust afhendingu fernanna. Sagði Þorgerður Katrín meðal annars „Það skal tekið fram að Mjólkursamsalan er í eigu samvinnufélags kúabænda og Kaupfélags Skagfirðinga. Fyrirtækið er í svokallaðri samkeppni við aðra framleiðendur mjólkurafurða og hefur verið dæmt vegna samkeppnisbrota, síðast á þessu ári. Þótt þessi uppkoma endurspeglar í raun ákveðna einokunarstarfsemi á mjólkurmarkaði, sem kemur ekki á óvart miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar, er það umhugsunarefni.“

Katrín forsætisráðherra svaraði þessu til „...Þetta atvik bar þannig að aldarafmælisnefnd sem starfar í tilefni af fullveldisafmælinu – þar sitja fulltrúar allra flokka á Alþingi og þar á meðal fulltrúi Við-

reisnar, flokks hv. þingmanns – óskaði eftir því við mig að ég veitti viðtöku þeim mjólkurfernum sem um ræðir. Afmælisnefndin – og ég ítreka að þar situr fulltrúi flokks hv. þingmanns – hefur óskað eftir samstarfi, ekki bara við stofnanir hins opinbera í tilefni af aldarafmæli fullveldisins heldur líka við frjáls félagasamtök og fyrirtæki.“

Vert er að nefna það að fulltrúi Viðreisnar í afmælisnefnd vegna 100 ára fullveldis Íslands er fv. aðstoðarmaður Þorgerðar Katrínar þegar hún var landbúnaðarráðherra. Fernurnar voru afhentar með leyfi yfirstjórnar þingsins og forsætisráðherra hefur tekið þátt í óteljandi viðburðum á þessu afmælisári tengdum fullveldinu, bæði með einkafyrirtækjum, frjálsum félagasamtökum og stofnunum.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir,  
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum

## Nýtt þjónustuhús fyrir mjólkursöfnun á Blönduósi

FRÉTTIR



Nýtt þjónustuhús fyrir mjólkursöfnun í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum var formlega tekið í notkun á Blönduósi í október síðastliðnum. Það var í upphafi síðasta árs sem Ámundakinn, Auðhumla, KS og MS undirrituðu viljayfirlýsingu um byggingu á nýju þjónustuhúsi og leigu til langs tíma.

Markmið byggingarinnar er að bæta vinnuáðstöðu bílstjóra og aðstöðuna fyrir bílana sjálfa. Húsið er 561 fermetri að grunnfleti, með rúmlega 5 metra lofthæð. Í húsinu má m.a. finna tvö rúmgóð búningsherbergi, kaffistofu, skrifstofu og tvö hvíldarherbergi.

# Sigursælar mjólkurvörur

FRÉTTIR



Nýlega var haldin alþjóðleg mjólkurveikeppni í Herning, Danmörku. MS hefur lengi sent vörur til keppinnar og hefur jafnan gengið mjög vel. Að

þessu sinni hlutu vörur frá MS fjölda verðlauna í mismunandi flokkum og fékk Súkkulaðimjólk heiðursverðlaun í sínum flokki. Þá fékk Ísey skyr aðalverðlaunin í skyrflokki í ár og var jafnframt valin besta mjólkurvaran á Norðurlöndunum. Skyrið, sem er með lagi af ferskjú í botninum, er þróað af vöruþróunarteymi Mjólkursamsölnnar og framleitt fyrir MS á Finnlandsmarkaði af danska fyrirtækinu Thise. Auk þessara verðlauna fékk MS fjórtán önnur verðlaun og hlaut t.d. Ísey skyr fjölda verðlauna, auk þess sem Óska jóгурt, Hleðsla og LGG + voru meðal þeirra vara sem hlutu verðlaun. Þessi góði árangur er til marks um hið góða og faglega starf sem fer fram innan MS og þann mikla mannauð sem fyrirtækið hefur á að skipa.

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri

## Verðlaun Mjólkursamsölnnar á sýningunni:

Heiðursverðlaun í flokki mjólkur- og kakódrykkja Súkkulaðimjólk 500ml frá Mjólkursamsölnni	
Gull	Ísey Skyr vanilla 170 gr
Gull	Ísey Skyr bökuð epli 170 gr
Silfur	Ísey skyr Naturel 1000 gr
Silfur	Ísey Skyr creme brulee 500 gr
Silfur	Ísey próteindr. suðrænir ávextir 300 ml
Silfur	Grísk jóгурt naturel 1000 gr
Silfur	Óskajóгурt með melónukokteil 180 gr
Silfur	Óskajóгурt með kaffibragði 180 gr
Silfur	LGG jarðarberja 65 ml
Silfur	Hleðsla íþróttadrykkur súkkulaðibragð 330 ml
Brons	Laktósafrí mjólk 1,5% fita 1000 ml
Brons	Laktósafrí súrmjólk 1000 ml
Brons	Ísey skyr bláber 170 gr
Brons	Drykkjarjóгурt með jarðarberjum 300 ml

# MS á landbúnaðarsýningunni

Mjólkursamsalan var á meðal þeirra tæplega 100 sýnenda sem tóku þátt í sýningunni Íslenskur landbúnaður 2018 sem haldin var í Laugar-  
dalshöll dagana 12.-14. október en markmið hennar var að kynna íslenskan landbúnað fyrir almenningi og á sama tíma að leiða saman fyrirtæki og einstaklinga sem starfa í atvinnugreininni.

Hafdrís Ingimundardóttir, Bjarki Long og fleira starfsfólk MS bauð uppá spjall og smakk af skyri, nýjum bökuðum ostakökum og úrval af Dala-

og Óðalsostum þar á meðal Gulltind, ost sem hefur verið á veitinga-  
markaði en er væntanlegur í neytendaumbúðir á næstunni. Starfsfólk MS var ánæggt eftir sýninguna með þann mikla áhuga sem það fann frá landsmönnum á landbúnaði og fyrirtækjum í vinnslu afurða eins og MS.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir,  
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum



# Ostóber – íslenskir ostadagar

Ostóber er nýtt og spennandi verkefni sem stóð yfir í tvær vikur í október. Með Ostóber fagnaði Mjólkursamsalan gæðum og fjölbreytileika íslenskra osta með því að bregða á leik með völdum veitingastaðum og sælkerabúðum um land allt.

Markmið með Ostóber er að vekja athygli neytenda á þeim fjölmörgu íslensku ostum sem í boði eru og hvetja veitingastaði til að nota íslenska osta í matargerð sína.



Sautján veitingastaðir og sælkerabúðir tóku þátt í Ostóber þar sem gestum stóð til boða að smakka íslenska osta eins og þeir gerast bestir.

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri

## Nýtt frá MS – Bakaðar ostakökur



Ostakökurnar frá MS hafa alltaf notið mikilla vinsælda og í nóvember bættust tvær nýjar kökur í eftirréttalínu MS. Um er ræða tvær gerðir af bökudum ostakökum sem munu vonandi slá í gegn við hin ýmsu tilefni. Fyrst um sinn verða tvær kökur í boði, Bökud vanillu ostakaka og Bökud marmara ostakaka og eru þær góðar einar sér og himneskar með berjum, ljúffengum sósum og þeyttum rjóma. Kökurnar eru góður grunnur til að útfæra eftir smekk hvers og eins og er tilvalið að bjóða upp á þær í aðventuboðunum sem framundan eru.

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri

## 83 hugmyndir frá starfsmönnum MS

Um síðustu mánaðamót var komið fyrir hugmyndabrusum á öllum starfsstöðvum Mjólkursamsölnnar og starfsmenn hvattir til að koma með tillögum að hagræðingu hjá fyrirtækinu.

Áttatíu og þrjár stórar og smáar hugmyndir bárust frá starfsfólki sem nú er verið að fara yfir og flokka.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir,  
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum



## Hreint skyr verður Ísey hreint skyr



Síðustu dósinar af „gamla“ MS skyrinu eru að hverfa úr hillum verslana og mun hreint Ísey skyr taka við.

Skyrið er nákvæmlega það sama og verðið helst óbreytt.